

ÆFING: UMRÆÐUR UM DAGLEG SAMTÖL VIÐ BÖRNIN

HVERNIG Á ÆFINGIN AÐ VERA?

Ræðið um það hvernig þið upplifið dagleg samtöl ykkar við börnin og hvort það sé mismunandi hvernig þið talið við íslenskumælandi börn og tvítyngd börn.

SVONA GERIÐ ÞIÐ:

Klippað eftirfarandi yfirlýsingar út og leggið þær í bunka á borðið. Þátttakendur skiptast á að draga einn miða úr bunkanum, lesa upphátt af honum og ræða yfirlýsinguna í hópnum. Eruð þið sammála/ósammála því sem þar stendur?

YFIRLÝSINGAR:

Tvítyngd börn og eintyngd börn taka ekki jafn mikinn þátt í samtölum sem einkennast af samningum, umræðum og rökræðum.

Þegar börnin eiga að skiptast á að segja frá einhverju t.d. því sem þau gerðu um helgina, þá reynist tvítyngdu börnunum það oft erfiðara.

Það er auðveldara að eiga samtöl sem einkennast af jafnræði við eintyngd börn en tvítyngd börn, vegna þess að við eigum meira sameiginlegt með eintyngdum börnunum.

Við notum oftar „fræðslutón“ þegar við ræðum við tvítyngdu börnin, við tölum og barnið hlustar og gerir það sem við segjum því að gera. Eða þá að við spyrjum og barnið svarar t.d. „Hvað eru mörg hjól undir strætó? Hvernig er hann á litinn?“

Andstætt samtölum okkar við tvítyngd börn einkennast samtöl okkar við eintyngd börn að miklu leyti af því að bæði barnið og hinn fullorðin spyrja og svara. Við deilum reynslu, túlkunum, skoðunum, reynslu og þekkingu.

Tvítyngd börn eiga auðveldara með að taka þátt í samtölum þegar við tölum um eitthvað t.d. pýramída, kastala og fallega steina en þegar við tölum um persónuleg efni, tilfinningar og hvað okkur finnst um ýmislegt sem við upplifum.